



Fundargerð

486. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps sem haldinn var á Klausturvegi 4 miðvikudaginn 18. janúar 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Einar Kristján Jónsson og Karl Antonsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Fundargerðir til samþykktar

1. 2301014 - Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Fundargerð 2. fundar sem haldinn var þann 16. desember 2022. Fylgiskjöl eru samþykktir nefndarinnar og samningur um sameiginlegan starfsmann í almannavörnum.

Sveitarstjórn tók til sérstakar umfjöllunar liði 1, 2 og 3 í fundargerðinni.

Liður 1: Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða framlagðar samþykktir fyrir almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Liður 2: Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða framlagt samkomulag um sameiginlegan starfsmann í almannavörnum.

Liður 3: Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða ákvörðun almannavarnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um fast framlag til almannavarna, sem verður 350 krónur á hvern íbúa fyrir árið 2023.

Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir til kynningar

2. 2301026 - Kirkjubæjarstofa ses.

Fundargerð stjórnarfundar frá 11. janúar 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS

3. 2301007 - Arnardrangur hs.

Fundargerð frá 19. desember 2022, 1. fundur stjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. 2301008 - Bergrisinn bs.

Fundargerð frá 30. nóvember 2022, 47. fundur stjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

AK
JG
SNI
GB



5. 2301009 - Bergrisinn bs.

Fundargerð frá 19. desember 2022, 48. fundur stjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. 2301010 - Katla jarðvangur ses.

Fundargerð frá 21. desember 2022, 65. fundur stjórnar, ásamt skýrslu um sýn um hlutverk og tækifæri til eflingar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. 2301011 - Vatnajökulsþjóðgarður.

Fundargerð svæðisráðs vestursvæðis, frá 14. desember 2022, 106. fundur ráðsins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. 2301013 - Samtök Orkusveitarfélaga.

Fundargerð frá 12. desember 2022, 54. fundur stjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. 2301015 - Fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar.

Fundargerð frá 18. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir að oddviti, haldi fund með fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar, vegna þeirra atriða sem bókuð eru undir liðnum öðrum málum í fundargerð nefndarinnar.

10. 2301028 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

Fundargerð frá 22. nóvember 2022, 22. fundur vegna svæðisskipulags Suðurhálendis.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. 2301029 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

Fundargerð frá 15. desember 2022, 23. fundur vegna svæðisskipulags Suðurhálendis.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS

Ak

JG.
sh

GPS



Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

12. 2301012 - Bergrisinn bs.

Bréf, dagsett, 10. janúar 2023, þar sem boðað er til aukaaðalfundar, þann 20. febrúar 2023.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða að Jóhannes Gissurarson, oddviti, Auður Guðbjörnsdóttir og Einar Kristján Jónsson, verði aðalfulltrúar sveitarfélagsins á aukaaðalfundi Bergrisans og Björn Helgi Snorrason, Sveinn Hreiðar Jensson og Gunnar Pétur Sigmarsson, verði varafulltrúar.

13. 2301018 - Tryggingar sveitarfélagsins.

Lagt fram minnisblað vegna útboðs á tryggingum.

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað vegna útboðs á tryggingum, fyrir sveitarfélagið.

TM var lægst í útboðinu og er lækkun iðgjálda um 23% á milli áranna 2022 og 2023 þrátt fyrir að vátryggingavernd sé aukin til muna. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða að taka tilboði TM í tryggingar sveitarfélagsins.

14. 2301019 - Skógasafn.

Akvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu i tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita láanasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Byggðasafnsins í Skóginum frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir, samhljóða, hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Byggðasafnsins í Skóginum hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 75.500.000, með lokagjalddaga þann 15. nóvember 2035, í samræmi við skilmála að láanasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar láanasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til endurfjármögnumnar á eldra láni sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

BHS

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafnsins í Skóginum til að breyta ekki ákvæði samþykktu Byggðasafnsins í Skóginum sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Ale

Fari svo að Skaftárhreppur selji eignarhlut í Byggðasafninu í Skóginum til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skaftárhreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á lárinu að sínum hluta.

J.G.
Ghi.



Jafnframt er Einari Kristjáni Jónssyni sveitarstjóra, kt. 150371-5119, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess fyrir hönd Skaftárhrepps að undirrita lánssamning við Lánaþjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

15. 2301020 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

Umsagnarbeiðni - tækifærисleyfi vegna þorrablóts í Félagsheimilinu Tunguseli.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leytí, með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.

16. 2301021 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

Umsagnarbeiðni - tækifærисleyfi fyrir Hótel Laka ehf., vegna vinveitinga á þorrablóti í Kirkjuhvoli 2023.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leytí, með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.

17. 2301022 - Umhverfisstofnun.

Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar - vatnasvið Skaftár.

Vísað er til kynningar Umhverfisstofnunar á tillögu að friðlýsingu vatnasviðs Skaftár: Búlandsvirkjun R3140A á grundvelli flokkunar svæðisins í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, sbr. ályktun Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022, og erindis þar sem óskað er eftir athugasemdum við tillöguna. Í tillögunni felst friðlýsing orkuvinnslu vatnsafls umfram 10 MW á öllu vatnasviði Skaftár. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur fjallað um erindið á fundi dags. 18. janúar 2023.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggst gegn tillögu um friðlýsingu alls vatnasviðs Skaftár fyrir orkuvinnslu. Í henni felst að raskað er grundvallarniðurstöðu um stefnu sveitarfélags í landnýtingu, sem fól í sér málamiðlun og var grunnur að samþykki sveitarfélagsins fyrir stakkun Vatnajökulsþjóðgarðar og jákvæðu viðhorfi til umhverfislega tækra virkjunarkosta utan miðhlendislinu. Þá eru ekki forsendur fyrir ákvörðun um friðlýsing með tilliti til laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Friðlýsing nú getur leitt til þess að verulegir samfélags- og þjóðhagslegir hagsmunir fari forgörðum og langur vegur er frá því að virkjunarmöguleikar á vatnasviðinu séu fullrannsakaðir, þótt einn virkjunarkostur; Búlandsvirkjun, hafi fengið umfjöllun í rammaáætlun.

BHS

Bakgrunnur máls og forsaga

Í skipulagsvinnu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Skaftárhrepps á árunum 2007-2011 var mikil fjallað um hálandi Skaftárhrepps. Var það ekki hvað síst vegna nýstofnaðs Vatnajökulsþjóðgarðs og brýnt að sveitarfélagið markaði sér ákveðna stefnu til framtíðar varðandi þær áherslubreytingar á landnotkun, sem óhákvæmilega myndu fylgja stofnun hans.

AK
JG.
SRI.
GBD



Á þessum árum voru til skoðunar og í gangi rannsóknir á fýsileika þess að bæta vatnsbúskap virkjana á Tungnárvæðinu með mögulegi veitingu efstu kvísla Skaftár um Langasjó til Tungnár. Var þessi framkvæmdahugmynd talin afar hagkvæm með tilliti til bættra nýtingarmöguleika þeirra virkjana allra sem reistar höfðu verið á vatnasviði Tungnár/Pjórsár.

Aðalskipulag markaðist því af umfjöllun um þessa ólíku landnotkun, þ.e. frekari nýtingaráform tengd virkjunarmöguleikum vatnsaflsins af Langasjávarsþæðinu og verndaráherslur vegna mögulegrar stækkunar nýstofnaðs Vatnajökulsþjóðgarðs. Í skipulagsvinnu var leitast við að taka tillit til þeirra þriggja þátta allra, þ.e. umhverfislegra, samfélagslegra og efnahagslegra, sem hugtakið um sjálfbæra þróun stendur fyrir.

Útgangspunktur skipulagsvinnunnar var að í nærri 7000 ferkilómetra sveitarfélagi, hlyti að vera hægt að finna svo ólíkum áherslum stað sem vernd lands og nýting auðlinda til orkuvinnslu er. Niðurstaðan varð að Langasjávarsþæðið ásamt Eldgjá yrði samhliða staðfestingu aðalskipulagsins, hluti af stækkuðum Vatnajökulsþjóðgarði og að framkvæmdahugmyndum á borð við virkjunaráform yrði fundinn staður neðan miðhálendislinu á skilgreindum iðnaðarsvæðum. Virkjunarmöguleikar eru nánast að öllu leiti á einkalandi og því er augljóslega um verulega hlunnindamöguleika viðkomandi jarða að ræða.

Til þess að gera frekari grein fyrir forsendum aðalskipulagsins skal haft í huga að Skaftárhreppur er hafnlaust og dreifbýlt sveitasamfélag sem enga möguleika hefur til að nýta auðlindir hafsins, þar sem enga hafnararaðstöðu er að hafa með allri suðurströndinni frá Hornafirði til Þorlákshafnar. Því er það ennþá ríkari ástæða til þess að hlúa að og nýta öll þau hlunnindatækifæri sem sveitarfélagið hefur að geyma.

Stefna aðalskipulags Skaftárhrepps

Í gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, er gert ráð fyrir Búlandsvirkjun. Aðalskipulag er stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál, þ.m.t. varðandi mögulega orkunýtingu.

Almenn stefna aðalskipulags hvílir á því að tækifæri til orkuvinnslu verði skoðuð. Þótt Búlandsvirkjun hafi verið flokkuð í verndarflokk samkvæmt ályktun Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022, og það hafi þá þýðingu að sveitarfélagini beri að taka mið af því við endurskoðun aðalskipulags, er almenn stefna aðalskipulags óbreytt varðandi orkumál.

Í öllu falli er það í andstöðu við stefnu Skaftárhrepps að orkuvinnsla yfir 10 MW verði gerð óheimil á stórum hluta sveitarfélagsins. Slík ákvörðun ríkisins er íhlutun í skipulagsvald sveitarfélags sem hefur stoð í sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga, sbr. 78. gr. stjórnarskrár. Þar af leiðandi verður að gera kröfur um sérstakan skýrleika lagaheimilda og að fullnægjandi málsméðferð hafi verið viðhöfð, sbr. síðari athugasemdir um slika ágalla.

B HS

AB
J.G.
SHI
GSS



Augljóslega geta fýsilegir og umhverfisvænni virkjunarkostir komið til skoðunar í Skaftá, aðrir en Búlandsvirkjun. Stefna aðalskipulags er að slik virkjanaáform og hugsanlegar framkvæmdir lúti skilyrðum umhverfismats og hlíti samanburði við aðra nýtingarkosti sem íbúar sveitarfélagsins telja fýsilega.

Tekið er fram að við endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps er gert ráð fyrir að Búlandsvirkjun falli út, enda er það í samræmi við ákvæði laga nr. 48/2011. Það er hins vegar gert ráð fyrir virkjunum í Skaftá sem eru minni en 10 MW. Jafnframt fela almenn ákvæði greinargerðar í sér að unnt verði að taka jákvæða afstöðu til virkjunarhugmynda sem koma fram innan sveitarfélagsins, þ.m.t. í Skaftá.

Lagagrundvöllur fyrir friðlýsingu ekki til staðar.

Lagaheimild um málsmeðferð fyrir friðlýsingu er 53. gr. náttúruverndarлага nr. 60/2013. Ákvæðið felur í sér að grundvöllur fyrir friðlýsingu er verndarflokkur verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt, og nái þá til svæða sem flokkuð hafa verið í verndarflokk.

Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun eru raunverulegur lagagrundvöllur friðlýsingar fyrir orkunýtingu. Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmunu þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að í verndar- og orkunýtingaráætlun skuli í samræmi við markmið laganna lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

Í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur fram að í verndarflokks verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr.

Í athugasemdum við lagaákvæðið í frumvarpi að lögnum kom fram að í verndarflokks áætlunarinnar félle virkjunarkostir. Jafnframt kemur fram: Þá kunna að vera skilgreind svæði sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Flokkun virkjunarkosts í verndarflokks, leiðir því ekki til þess að landsvæði flokkist sjálfvirkt sem landsvæði sem ber að friðlýsa.

BHS

Við skoðun ályktunar Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022, verður ekki séð að Alþingi hafi tekið skýra afstöðu til þess að friðlýsa eigi tiltekið landsvæði þótt Búlandsvirkjun hafi verið felld í verndarflokks. Hvorki umfjöllun Alþingis né rammaáætlunar felur í sér að tekin hafi verið afstaða til friðlýsingar tiltekinna landsvæða, heldur varðar umfjöllunin virkjunarkostinn Búlandsvirkjun. Við mat á þeim virkjunarkosti var horft til vatnasviðs Skaftár, með ákveðnum hætti. Augljóslega eru fleiri mögulegir virkjunarkostir á vatnasviði Skaftár sem eru órannsakaðir. Friðlýsing er ekki tímabær.

Ali
J.G.
S.H.
G.B.



Grundvallaratriðið er að vafasamt er að lagaheimild sé til friðlýsingar landsvæðis sem tekur til vatnasvæðis Skaftár, hvað sem líður flokkun Búlandsvirkjunar í verndarflokk. Ekki liggur fyrir skýr afstaða Alþingis um friðlýsingar landsvæðis.

Skyldubundið mat á forsendum friðlýsingar landsvæðis hefur ekki farið fram.

Þá skortir á að málsméðferð að baki ályktun Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022, hafi verið fullnægjandi svo tekin verði ákvörðun um friðlýsingu. Friðlýsing er því aðeins heimil að gátt hafi verið að verndar- og orkunýtingargildi landsvæðis, efnahagslegra áhrifa nýtingar, umhverfislegra áhrifa nýtingar og samfélagslegra áhrifa nýtingar, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 3. gr. laga 40/2011.

Í umfjöllun verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar var faghóp 3 falið að fjalla um samfélagleg áhrif. Af lestri Lokaskýrslu Verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar og kafla 6 um aðferðafræði og niðurstöður faghóps 3 er ljóst að ekki liggur fyrir greining á samfélagslegum áhrifum vegna einstakra virkjunarkosta. Niðurstöður faghópsins fela þó í sér þá afstöðu að samfélagsleg áhrif eru mjög mikilvæg og þurfi að greina vegna virkjunarkosta. Í raun hafa niðurstöður aðeins almenna þýðingu varðandi greiningu á þeim samfélagslegum þáttum sem þarf að taka tillit til og frekari þróun á aðferðum sem hægt væri að beita við mat á samfélagslegum áhrifum.

Í umfjöllun verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar var faghóp 4 falið að fjalla um efnahagsleg áhrif. Inntak niðurstöðu faghópsins kemur fram á bls. 153 í skýrslunni: Faghópur 4 telur að ekki séu forsendur til að meta þjóðhagslega hagkvæmni þeirra virkjanakosta sem til umfjöllunar eru í þriðja áfanga rammaáætlunar. Tekið er fram að faghópurinn vann að hugmyndum um útfærslu á aðferðafræði sem starf faghópsins gæti hvílt á til framtíðar, en niðurstaðan er sett fram án undanbragða, um þá staðreynd að efnahagsleg áhrif einstakra virkjunarkosta voru ekki metin.

B15

Það er yfirlýst í lokaskýrslunni að verkefnisstjórn byggir tillögu sína um flokkun virkjunarkosta á einkunnum faghópa 1 og 2. Ekki verður farið ítarlega ofan í það hvort mat faghópanna teljist fullnægjandi. Tillagan hvílir hins vegar alls ekki á mati á samfélagslegum og þjóðhagslegum áhrifum, sem faghópar 3 og 4 áttu að fjalla um. Við skoðun á frekari málsméðferð tillögunnar eftir skil verkefnisstjórnar er ljóst að ekki hefur átt sér stað nein skipuleg greining á samfélags- og efnahagslegum áhrifum einstakra virkjunarkosta, enda vandséð hvernig vinna hefði átt það sem ekki hófst á starfstíma verkefnisstjórnar.

Það liggur því hvorki fyrir mat á samfélagslegum né efnahagslegum áhrifum einstakra virkjunarkosta og getur ályktun Alþingis engu við það bætt. Ekkert mat hefur komið fram vegna samfélagslegra og efnahagslegra áhrifa Búlandsvirkjunar. Þaðan af síður liggur fyrir viðtækara mat á samfélags- og efnahagslegum áhrifum friðlýsingar alls vatnasið Skaftár, þar sem geta verið til staðar fleiri virkjunarkostir en Búlandsvirkjun. Skyldubundið mat sem er forsenda friðlýsingar landsvæðis hefur ekki farið fram, sbr. 6. gr. laga nr. 48/2011. Friðlýsing landsvæðis getur því ekki átt sér stað.

A
J.G.
S.H.
G

**Almenn sjónarmið og inntak vinnu í rammaáætlunarferlis.**

Friðlýsingar eru í eðli sínu ráðstöfun sem ætlað er að hafa varanlega þýðingu. Grundvöllur friðlýsinga á Íslandi hefur almennt hvílt á því að fyrir liggi skýr afstaða Alþingis. Sérstaklega er vísað til þeirrar meginreglu náttúruverndarlaga að friðlýsingar hvíli á náttúruminjaskrá. Hugmyndin að baki friðlýsingu landsvæða í lögum 48/2011 hvíldi á sömu sjónarmiðum, þ.e. að þegar ljóst væri að virkjunarkostir á vatnasvæðum væru fullkannaðir gæti komið til varanlegrar ákvörðunar um friðlýsingu landsvæðis. Slík ákvörðun byggir ekki á flokkun eins virkjunarkosts. Lögin eru skýr um að friðlýsing geti aðeins komið til greina að mat á öllum þáttum samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laganna hafi farið fram. Mat á efnahags- og samfélagslegum áhrifum hefur ekki átt sér stað vegna Búlandsvirkjunar og alls ekki vatnsviðs Skaftár með almennari hætti.

Í niðurstöðum faghóps 3 um samfélagsáhrif hefur þó komið fram það almenna sjónarmið að mikilvægt sé að líta til samfélagslegra áhrifa og afstöðu nærsamfélags til virkjana. Það er því órókrétt og mótsagnakennt að stjórnvöld ríkisins leggi fram tillögur um friðlýsingu vatnsviðs Skaftár sem er í andstöðu við almenna stefnu og vilja sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Það er með nokkrum ólíkindum að fylgjast með þeirri vinnu sem fram hefur farið á undanförnum árum á vegum hins opinbera er varðar verndar og orkunýtingaráætlun, (rammaáætlun) þegar kemur að mati á þeim orkunýtingarkostum sem til umfjöllunar eru. Lagaramminn sem farið skal eftir, lög nr. 48/2011, kveður á um að hver og einn virkjunarkostur skuli metinn út frá öllum þeim þáttum er mynda hugtakið sjálfbæra þróun. Sem fyrr virðist athygli verkefnastjórnar rammaáætlunar beinast mest að mati á umhverfisáhrifum og áhrifum á ferðaþjónustu og útivist.

EKKI VERÐUR HJÁ Því KOMIST AÐ BENDA Á RÖKVILLUR SEM FYLGA Því AÐ LÁTA AFMÖRKUN FAGHÓPS 1 Á VATNASVIÐI ÁR OFAN FRAMKVÆMDASVÆÐIS HAFSA ÞÝÐINGU UM FRIÐLÝSINGU VATNASVIÐS ÁR. Afmörkun faghóps 1 er gerð til þess að afmarka svæði í vinnu faghópsins, en ekki var gert ráð fyrir réttaráhrifum þeirrar afmörkunar í lögum 48/2011. Faghópur 2 afmarkar t.d. áhrifasvæði með öðrum hætti. Augljóslega raska virkjanir ekki vatnsviði ár ofan framkvæmdasvæðis! Í tilfelli Skaftár liggar beinlínis fyrir að verðmætasti hluti vatnsviðs árinnar út frá verndarhagsmunum er nú þegar friðlýstur og innan Vatnajökulsþjóðgarðs! Það er mótsagnakennt að svæði sem þegar nýtur hámarksfriðlýsingar eigi að hafa áhrif á ákvörðun um friðlýsingu vatnsviðs Skaftár, án þess að mat hafi beinst sérstaklega að því svæði sem raunverulega raskast vegna framkvæmda og nánasta umhverfi þess.

Sú aðferðafræði að nota afmörkun faghóps 1 til afmörkunar friðlýsingar, þ.e. svæði sem litið var til við mat faghópsins á áhrifum tiltekins virkjunarkosts á náttúru, leiðir til ósamræmis. Næði tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu Skaftár fram að ganga, þá felst í því að friðlýsing nær yfir áhrifasvæði annarra virkjunarkosta sem voru til umfjöllunar í rammaáætlun og flokkuðust í biðflokk í 3. áfanga. Þetta eru virkjunarkostirnir Hólmsárvirkjun við Einhyrning án miðlunar, og Hólmsárvirkjun v/ Atley. Báðir þessir virkjunarkostir í Hólmsá eru á vatnsviði Kúðafljóts (þ.e. vestari farvegs Skaftár á láglendi) og að auki gerir virkjunarkosturinn Hólmsárvirkjun við Einhyrning án miðlunar, ráð fyrir því að útfall virkjunar verði í Tungufljóti, neðan við Bjarnarfoss. Þannig að auk Kúðafljóts er Tungufljót allt upp fyrir Bjarnarfoss á áhrifasvæði

BHS

AL
J.C.
SM
BFS



Hólmsárvirkjana og geta þar af leiðandi ekki verið hluti af tillögu til friðlýsingar á vatnasviði Skaftár. Í grunninn staðfestir þetta enn frekar nauðsyn þess að Alþingi taki beina afstöðu til þess svæðis sem á að friðlysa enda virðist það samræmast lögum um málefnið.

Af lestri lokaskýrslu vegna 3. áfanga má glögglega sjá og raunar er þar viðurkennt, að mati á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum einstakra virkjunarkosta er mjög áfátt. Þá gera lög 48/2011 hvergi ráð fyrir því að heilu vatnasviðin verði sjálfkrafa friðlýst þó svo að einstakir virkjunarkostir séu metnir í verndarflokki. Friðlýsing nú getur leitt til þess að verulegir samfélags- og þjóðhagslegir hagsmunir fari forgörðum.

18. 2301024 - Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Ráðning skólastjóra, tímabundið vegna námsleyfis starfandi skólastjóra.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu um að Svavar Sigurðsson, yrði ráðinn í stöðu skólastjóra Tónlistarskóla Skaftárhrepps, frá 1. janúar 2023 til og með 31. júlí 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu sveitarstjóra.

19. 2301025 - Samkomulag vegna tónlistarstarfs.

Samkomulag við Grafarsókn, Langholtssókn, Prestbakasókn og Pykkvabækarklausturssókn vegna organista og kórstjóra.

Oddviti lagði fram drög að samkomulagi vegna tónlistarstarfs í Skaftárhreppi. Með samkomulagi þessu er stefnt að því að efla menningar- og tónlistarstarf í sveitarféluginu, sem meðal annars getur nýst varðandi starfsemi kóra og tónlistarflutning í sveitarféluginu. Skaftárhreppur mun á grundvelli samkomulagsins, kosta starf sem varðar skipulag kórastarfs og æfingar auk starfs organista við kirkjur og kapellur innan sveitarfélagsins.

BHS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða framlagt samkomulag.

20. 2301023 - Trúnaðarmál.

Sveitarstjóri lagði fram þrjú trúnaðarmál, sem bókuð voru í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

Mál til kynningar

21. 2301017 - Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (HMS).

Úthlutun stofnframlags ríkisins 2022 - niðurstafaða.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri greindi frá því að Skaftárhreppur hefði fengið samþykktan styrk að upphæð 11.867.406 krónur sem stofnframlag til bygginga á 2 almennum íbúðum, fyrir tekju- og eignalága á vinnumarkaði.

AF
JG.
SNI.
BO



Skýrsla sveitarstjóra

22. 2301027 -

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum, eins og fram kom á fundinum.

Sveitarstjóri greindi meðal annars frá því að smávægislegar breytingar stæðu yfir í skólahúsnaði, íbúðin, Sveinssína, yrði gerð að kennarastofu, núverandi kennarastofa, verði kennslurými fyrir tónlistarskóla og núverandi kennslurými tónlistarskóla verði íbúðahúsnaði að nýju. Sveitarstjóri greindi frá því að hann hefði sótt um 13 lóðir sem skipulagðar eru við Skaftárvelli til landeiganda.

Sveitarstjóri lagði meðal annars fram drög af bréfi vegna friðunar á Skaftá, fyrir hönd sveitarfélagsins vegna jarðarinnar Ár.

Hér má sjá innihald bréfsins.

Vísað er til kynningar Umhverfisstofnunar á tillögu að friðlýsingu vatnasviðs í Skaftár: Búlandsvirkjun R3140A á grundvelli flokkunar svæðisins verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, sbr. ályktun Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022, og erindis þar sem óskað er eftir athugasemendum við tillöguna. Í tillögunni felst friðlýsing orkuvinnslu vatnsafls umfram 10 MW á öllu vatnasviði Skaftár. Athugasemdir þessar varða stöðu sveitarfélagsins sem eiganda jarðarinnar Ár, landnr. L163299.

Jörðin Á liggur að Skaftá, á um 6-7 km kafla. Land jarðarinnar nær m.a. yfir farveg árinnar og þ.a.l. er eignarhald á vatnsréttindum í ánni ekki aðeins bundið við helningshluta, eins og þar sem ár eru merkivötn. Fallhæð Skaftár fyrir landi jarðarinnar er um 50 metrar og ljóst að mikil vatnsorka fylgir jörðinni, en meðalrennsli í Skaftá eru 115 rúmmetrar/sek.

Í fylgiskjali með bréfi Umhverfisstofnunar er gerð grein fyrir ætluðu friðlýsingarsvæði. Svæðið liggur m.a. yfir eignarland Ár og yfirlýst er að það eigi að fylgja vatnasvæði Skaftár.

Meginafstaða.

Meginafstaða eigenda Ár er að fyrirhugaðri friðlýsingu er mótmælt, sbr. einnig almennar athugasemdir sveitarfélagsins við tillöguna.

Grundvallarsjónarmið landeiganda eru að eignarréttarlegir hagsmunir eigenda Ár njóta verndar samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinna. Ákvörðun um friðlýsingu felur í sér varanlega takmörkun á heimildum landeigenda til nýtingar eignarréttinda varðandi mögulega orkuframleiðslu með vatnsaflí í virkjun 10 MW eða stærri. Slíkir orkukostir eru raunhæfir og mögulegir, bæði með þeirri útfærslu sem fólst í Búlandsvirkjun og öðrum útfærslum á virkjunarkostum sem eru á svæðinu. Ákvörðun um friðlýsingu er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun. Strangar kröfur eru gerðar til málsmæðferðar stjórnvalda og skýrleika lagaheimilda sem eiga að vera forsendur íþyngjandi ákvarðana.

Ófullnægjandi heimild til friðlýsingar.

Þýðingu ályktunar Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022 sem grundvallar að mögulegri friðlýsingu verður að skoða í ljósi laga, nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Ah
J.G.
Shi.
GFS



Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun eru raunverulegur lagagrundvöllur friðlysingar fyrir orkunýtingu. Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögualegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólikra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að í verndar- og orkunýtingaráætlun skuli í samræmi við markmið laganna lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

Í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur fram að í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlysa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr.

Í athugasemdum við lagaákvæðið í frumvarpi að lögnum kom fram að í verndarflokk áætlunarinnar fíllu virkjunarkostir. Jafnframt kemur fram: Þá kunna að vera skilgreind svæði sem ástæða þykir til að friðlysa gagnvart orkuvinnslu. Flokkun virkjunarkosts í verndarflokk, leiðir því ekki til þess að landsvæði flokkist sjálfvirkrt sem landsvæði sem ber að friðlysa.

Við skoðun ályktunar Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022, verður ekki séð að Alþingi hafi tekið skýra afstöðu til þess að friðlysa eigi tiltekið landsvæði þótt Búlandsvirkjun hafi verið felld í verndarflokk. Hvorki umfjöllun Alþingis né rammaáætlunar felur í sér að tekin hafi verið afstaða til friðlysingar tiltekinna landsvæða, heldur varðar umfjöllunin virkjunarkostinn Búlandsvirkjun. Við mat á þeim virkjunarkosti var horft til vatnasviðs Skaftár, með ákveðnum hætti. Augljóslega eru fleiri mögulegir virkjunarkostir á vatnasviði Skaftár sem eru órannsakaðir. Friðlysing er ekki tímabær.

BHS

Grundvallaratriðið er að vafasamt er að lagaheimild sé til friðlysingar landsvæðis sem tekur til vatnasvæðis Skaftár, hvað sem líður flokkun Búlandsvirkjunar í verndarflokk. Ekki liggur fyrir skýr afstaða Alþingis um friðlysingu landsvæðis.

Málsmeðferð að baki friðlysingu landsvæðis ófullnægjandi.

Þá skortir á að málsmeðferð að baki ályktun Alþingis nr. 24/152, frá 15. júní 2022, hafi verið fullnægjandi svo tekin verði ákvörðun um friðlysingu. Friðlysing er því aðeins heimil að gætt hafi verið að verndar- og orkunýtingargildi landsvæðis, efnahagslegra áhrifa nýtingar, umhverfislegra áhrifa nýtingar og samfélagslegra áhrifa nýtingar, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 3. gr. laga 40/2011.

Í umfjöllun verkefnistjórnar 3. áfanga rammaáætlunar var faghóp 3 falið að fjalla um samfélagsleg áhrif. Af lestri Lokaskýrslu Verkefnistjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar og kafla 6 um aðferðafræði og niðurstöður faghóps 3 er ljóst að ekki liggur fyrir greining á samfélagslegum áhrifum vegna einstakra virkjunarkosta. Í raun hafa niðurstöður aðeins almenna þýðingu varðandi greiningu á þeim samfélagslegum þáttum sem þarf að taka tillit til og

AL
J.G.
SNI
GRS



frekari þróun á aðferðum sem hægt væri að beita við mat á samfélagslegum áhrifum. Ekkert mat liggur fyrir vegna vatnasviðs Skaftár.

Í umfjöllun verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar var faghóp 4 falið að fjalla um efnahagsleg áhrif. Inntak niðurstöðu faghópsins kemur fram á bls. 153 í skýrslunni: Faghópur 4 telur að ekki séu forsendur til að meta þjóðhagslega hagkvæmni þeirra virkjanarkosta sem til umfjöllunar eru í þriðja áfanga rammaáætlunar. Tekið er fram að faghópurinn vann að hugmyndum um útfærslu á aðferðafræði sem starf faghópsins gæti hvílt á til framtíðar, en niðurstaðan er sett fram án undanbragða, um þá staðreynd að efnahagsleg áhrif einstakra virkjunarkosta voru ekki metin.

Það er yfirlýst í lokaskýrslunni að verkefnisstjórn byggir tillögu sína um flokkun virkjunarkosta á einkunnum faghópa 1 og 2. Tillagan hvílir hins vegar alls ekki á mati á samfélagslegum og þjóðhagslegum áhrifum, sem faghópar 3 og 4 áttu að fjalla um. Við skoðun á frekari málsmeðferð tillögunnar eftir skil verkefnisstjórnar er ljóst að ekki hefur átt sér stað nein skipuleg greining á samfélags- og efnahagslegum áhrifum einstakra virkjunarkosta.

Það liggur því hvorki fyrir mat á samfélagslegum né efnahagslegum áhrifum einstakra virkjunarkosta og getur ályktun Alþingis engu við það bætt. Ekkert mat hefur komið fram vegna samfélagslegra og efnahagslegra áhrifa Búlandsvirkjunar. Þaðan af síður liggur fyrir viðtækara mat á samfélags- og efnahagslegum áhrifum friðlýsingar alls vatnasviðs Skaftár, þar sem geta verið til staðar fleiri virkjunarkostir en Búlandsvirkjun. Skyldubundið mat sem er forsenda friðlýsingar landsvæðis hefur ekki farið fram, sbr. 6. gr. laga nr. 48/2011. Friðlýsing landsvæðis getur því ekki átt sér stað.

Það er afstaða landeiganda að hvorki sé til staðar skýr lagaheimild fyrir friðlýsingunni né að málsmeðferð fullnægi kröfum sem gera þarf til slíkrar ákvörðunar. Friðlýsing mun skerða eignarréttindi viðkomandi jarðar varanlega sem landeigandi getur ekki sætt sig við. Verði framhald á málinu, áskilur landeigandi sér allan rétt til að fá ákvörðun um friðlýsingu hnekkt og/eða krefjast bóta vegna hvers kyns skerðinga á eignarréttarlegum hagsmunum sem leiða af friðlýsingunni.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. .16:20

Jóhannes Gissurarson
Johannes Gissurarson

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Sveinn H. J.
Sveinn Hreiðar Jensson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir